

Fimmtudagur, 1. apríl 2004

217. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 7/2004

**Erindi Ferðamannaverslunarinnar Víkings ehf.  
vegna aðgerða Tax Free á Íslandi ehf., Rammagerðarinnar hf. og  
Sjóklæðagerðarinnar hf.**

**I.**

**Málavextir**

**1.**

**Erindið**

Með bréfi, dags. 29. júlí 2003, barst Samkeppnisstofnun erindi frá Ferðamannaversluninni Víkingi ehf. (hér eftir Víkingur). Í bréfi Víkings er því lýst að fyrirtækið hafi verið í samningssambandi við Tax Free á Íslandi ehf. (hér eftir Euro Refund) um endurgreiðslu virðisaukaskatts til ferðamanna. Víkingi hafi um mitt ár 2003 borist tilboð frá Global Refund á Íslandi hf. (hér eftir Global Refund) og hafi Víkingur ákveðið að taka því tilboði. Hafi Euro Refund verið tilkynnt um þetta þann 27. júní 2003. Euro Refund hafi í framhaldi þessa hótað því að annað fyrirtæki, Rammagerðin hf., myndi opna búð samstundis á Akureyri. Jafnframt myndu birgjar Víkings bregðast við þessu. Rammagerðin hafi svo opnað búð þann 5. júlí, átta dögum síðar, skammt frá verslun Víkings. Þann 18. júlí 2003 hafi Sjóklæðagerðin hf. svo meinað Víkingi kaup á vörum í heildsölu. Í kjölfar þessara atburða hafi starfsmaður Rammagerðarinnar haft samband við flesta birgja Víkings og reynt að koma í veg fyrir að birgjarnir afhentu Víkingi vörur sem selja átti í verslun Víkings í Reykjavík. Víkingur telur að háttsemi þessi brjóti gegn 10., 11. og 20. gr. samkeppnislaga.

Í erindi sínu telur Víkingur að mál þetta varði a.m.k. tvo markaði. Annars vegar sé um að ræða markað fyrir sölu á vörum til erlendra ferðamanna. Víkingur telur sig vera með 5-10% hlutdeild á þessum markaði en að hlutdeild Rammagerðarinnar sé 30-40%. Telur Víkingur að sú háttsemi Rammagerðarinnar að reyna að koma í veg fyrir afhendingu á vörum til Víkings frá birgjum feli í sér brot gegn 11. gr. samkeppnislaga. Hins vegar telur Víkingur að um sé að ræða þann markað sem Euro Refund og Global Refund starfi á, en hann feli í sér endurgreiðslu á virðisaukaskatti til ferðamanna sem búsettir eru erlendis. Víkingur telur að þessi markaður nái til landsins alls og að Euro Refund sé með 60-70% markaðshlutdeild. Telur Víkingur að sú háttsemi Euro Refund að reyna að koma í veg fyrir að Víkingur eigi viðskipti við

Global Refund feli í sér brot gegn 11. gr. samkeppnislaga. Að auki telur Víkingur að háttsemi Euro Refund, Rammagerðarinnar og Sjóklæðagerðarinnar brjóti gegn 10. gr. samkeppnislaga. Að mati Víkings fari ofangreind háttsemi einnig gegn 20. gr. samkeppnislaganna. Víkingur óskaði jafnframt eftir því að Samkeppnisstofnun tæki bráðabirgðaákvörðun á grundvelli 8. gr. samkeppnislaga.

Erindi Víkings var sent Euro Refund, Sjóklæðagerðinni og Rammagerðinni til umsagnar með bréfum, dags. 3. september 2003.

## **II.**

### **Málsmeðferð**

#### **1.**

Umsögn Rammagerðarinnar barst með bréfi, dags. 10. september 2003. Í henni er því lýst að fyrirtækið hafi opnað verslun að Skipagötu 2 á Akureyri þann 5. júlí 2003. Henni hafi verið lokað þann 26. ágúst s.á. eða tveimur mánuðum síðar. Rammagerðin mótmælir því að fyrirtækið hafi brotið gegn 10., 11. og 20. gr. samkeppnislaga. Rammagerðin hafi aldrei haft í hótunum við kvartanda né lofað gylliboðum til þess að skaða þriðja aðila. Fyrirtækið geti ekki haft áhrif á það hvar Víkingur kjósi að eiga í viðskiptum með endurgreiðslu á virðisaukaskatti fyrir erlenda ferðamenn. Fullyrðingar þess efnis að Víkingur eigi erfitt með að fá afhentar vörur frá birgjum sínum séu Rammagerðinni algerlega óviðkomandi. Aðdraganda opunar á verslun Rammagerðarinnar megi rekja a.m.k. aftur til 19. mars 2003.

Umsögn Sjóklæðagerðarinnar barst með bréfi frá Þórunni Guðmundsdóttur hrl., dags. 12. september 2003. Sjóklæðagerðin mótmælir meintu broti fyrirtækisins gegn 10. gr. samkeppnislaga. Sjóklæðagerðin bendir á að framleiðsluvörur fyrirtækisins, sem seldar séu ferðamannaverslunum séu útivistarfatnaður, einkum flís- og sk. öndunarfatnaður. Griðarleg samkeppni ríki í sölu á útivistarfatnaði hér á landi og nefnir fyrirtækið mörg vörumerki sem dæmi, innlend sem erlend. Fyrirtækið hafi því ekki brugðið fæti fyrir rekstur Víkings þar sem nægar staðgönguvörur í útivistarfatnaði séu til staðar. Ákvörðun Sjóklæðagerðarinnar um að afhenda ekki vörur til Víkings hafi verið tekin á viðskiptalegum forsendum með hliðsjón af reynslu og fyrri samskiptum við Víking, en m.a. hafi þurft að koma til aðfarargerðar í þeim viðskiptum. Ákvörðunin hafi verið tekin sjálfstætt og án alls samráðs við aðra aðila.

Umsögn Euro Refund barst frá Herði F. Harðarsyni hrl. með bréfi, dags. 15. september 2003. Euro Refund hafi verið tilkynnt þann 27. júní 2003 að búið væri að skipta út öllum tölvubúnaði fyrirtækisins hjá Víkingi fyrir búnað frá Global Refund. Samdægurs hafi fulltrúi Euro Refund farið í verslun Víkings og sótt búnaðinn, sem þá hafði verið pakkað niður í kassa. Varðandi samskipti Euro Refund við

Sjóklæðagerðina og Rammagerðina þá liggi fyrir að Euro Refund sé í samningssambandi við bæði fyrirtæki. Önnur ítök hafi Euro Refund hins vegar ekki. Því sé fjarstæðukennt að halda því fram að Euro Refund geti ákvæðið hverjum Sjóklæðagerðin selji vörur og hvar Rammagerðin opni verslanir. Fyrirtækið hafi því ekki brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga. Euro Refund telur sig ekki vera markaðsráðandi. Þetta hafi verið staðfest í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 8/2003 sem staðfest var með úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 8/2003. Ljóst sé því að 11. gr. samkeppnislaga eigi ekki við um háttsemi Euro Refund. Varðandi meint brot fyrirtækisins gegn 20 gr. samkeppnislaga þá sé vandséð með hvaða hætti Euro Refund eigi að hafa brotið gegn því ákvæði. Fyrirtækið hafi ekki beitt sér fyrir því að önnur fyrirtæki á óskyldum mörkuðum hætti viðskiptum við Víking eða taki aðrar ákvarðanir í rekstri sem kunna að hafa áhrif á samkeppnisstöðu verslunarinnar.

## 2.

Í bréfi Samkeppnisstofnunar til Víkings, dags. 30. september 2003, var ósk fyrirtækisins um bráðabirgðaákvörðun hafnað. Umsagnir Rammagerðarinnar, Sjóklæðagerðarinnar og Euro Refund voru sendar Víking með bréfi, dags. sama dag, og óskað athugasemda.

## 3.

Athugasemdir Víkings bárust með bréfi, dags. 17. október 2003. Varðandi opnun verslunar Rammagerðarinnar á Akureyri telur Víkingur að hinn stutti opnunartími sanni að um hefndarráðstöfun hafi verið að ræða. Varðandi bréf Sjóklæðagerðarinnar telur Víkingur að sú umsögn sé ófullnægjandi. Þannig hafi Víkingur boðið staðgreiðslu fyrir kaup á vörum Sjóklæðagerðarinnar. Ástæða þess að Víkingur hafi dregið greiðslu fyrri reiknings hafi verið ágreiningur um reikninginn. Varðandi umsögn Euro Refund mótmælir Víkingur rangfærslum sem þar komi fram. Víkingur kveður að fulltrúi Euro Refund hafi hótad að þrennt myndi gerast ef fyrirtækið flytti viðskipti sín til Global Refund. Í fyrsta lagi myndi Euro Refund krefjast bóta, í öðru lagi myndi Víkingur ekki fá afgreiddar vörur hjá Sjóklæðagerðinni og í þriðja lagi myndi Rammagerðin opna verslun við hlið Víkings á Akureyri. Allt þrennt hafi gengið eftir.

Með bréfum, dags. 3. desember 2003, voru athugasemdir Víkings sendar Rammagerðinni, Sjóklæðagerðinni og Euro Refund og óskað eftir athugasemdum.

## 4.

Athugasemdir Euro Refund bárust með bréfi, dags. 5. desember 2003. Varðandi samstarf Euro Refund við Rammagerðina og Sjóklæðagerðina þá feli það í sér samstarf í markaðssetningu fyrir aðildarverslanir Euro Refund. Þetta samstarf feli ekki í sér árasir á Víking eða önnur fyrirtæki.

Athugasemdir Rammagerðarinnar bárust með bréfi frá Bjarna Eiríkssyni hdl., dags. 15. desember 2003. Opnun verslunar Rammagerðarinnar á Akureyri hafi átt sér mun lengri aðdraganda en gefið sé í skyn í bréfi Víkings. Einnig er því mótmælt að Euro Refund geti tekið ákvarðanir um rekstur Rammagerðarinnar.

Athugasemdir Sjóklæðagerðarinnar bárust með bréfi, dags. 15. desember 2003. Að mati fyrirtækisins gefi athugasemdir Víkings ekki tilefni til frekari athugasemda. Sjóklæðagerðin leggur áherslu á að Víkingur eigi kost á að kaupa staðgönguvöru af öðrum birgjum.

### **III.**

#### **Niðurstöður**

Á fundi samkeppnisráðs, þann 1. apríl 2004, var ákvörðun tekin í máli þessu. Þátt í fundinum tóku Kirstín Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Ragnheiður Bragadóttir.

#### **1.**

##### **Sjónarmið aðila**

Víkingur telur Euro Refund, Rammagerðina og Sjóklæðagerðina hafa haft með sér ólöglegt samráð. Þessu til stuðnings vísar Víkingur til þess að fulltrúar fyrirtækjanna hafi sést saman á Akureyri og að röð atburða, sem átt hafi sér stað eftir að Víkingur tilkynnti Euro Refund um samning sinn við Global Refund, geti ekki verið tilviljun. Í öðru lagi telur Víkingur að fyrirtækin hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína með aðgerðunum og í þriðja lagi brotið í bága við góða viðskiptahætti.

Gagnaðilar Víkings, Euro Refund, Rammagerðin og Sjóklæðagerðin, hafa mótmælt erindi Víkings sem röngu. Fyrirtækin starfi vissulega saman skv. samningum sem þau hafa gert sín á milli, en slíkt samstarf felist ekki í því að hrekja Víking út af markaði. Atburðir þeir sem átt hafi sér stað séu því röð tilviljana og tengist ekki innbyrðis. Fyrirtækin hafna því að þau séu markaðsráðandi, hafi staðið í ólöglegu samráði og hafi brotið gegn góðum viðskiptaháttum.

#### **2.**

##### **Markaðir**

Í málum er varða samkeppnislög nr. 8/1993 er almennt nauðsynlegt að skilgreina þá markaði sem málið varðar, annars vegar þjónustu og/eða vörumarkaði og hins vegar landfræðilega markaði.

Í erindi sínu skilgreinir Víkingur annars vegar sérstakan markað fyrir sölu á varningi til ferðamanna en fyrirtækið telur sig og Rammagerðina starfa á þessum markaði. Um sé að ræða sölu á ullar- og flísvörum, útivistarfatnaði og minjagripum. Þeim markaði

sé unnt að skipta upp landfræðilega eftir staðsetningu verslana sem selji vörunar. Víkingur skilgreinir hins vegar þann markað sem Euro Refund starfar á þannig að um sé að ræða þá þjónustu sem felist í endurgreiðslu virðisaukaskatts til ferðamanna sem búsettir séu erlendis. Landfræðilegi markaðurinn í því tilviki sé landið allt.

Með vísan til afgerandi niðurstöðu í máli þessu gerir samkeppnisráð ekki athugasemdir við þessar skilgreiningar markaða. Jafnframt telur samkeppnisráð ekki nauðsynlegt að kanna hlutdeild fyrirtækja á þeim mörkuðum sem lýst er í erindi Víkings.

### 3.

#### **Brot gegn 10. gr. samkeppnislaga**

Rannsókn máls þessa lýtur í fyrsta lagi að því hvort Euro Refund, Rammagerðin og Sjóklæðagerðin hafi sameiginlega brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga. Víkingur byggir erindi sitt varðandi meint ólögmætt samráð þessara fyrirtækja í fyrsta lagi á þeirri staðreynd að fulltrúar fyrirtækjanna hafi sést saman á Akureyri, að því er virðist skömmu fyrir opnun verslunar Rammagerðarinnar að Skipagötu 2 þar í bæ. Telur Víkingur sig hafa fengið staðfestingu þess efnis í athugasemdum gagnaðila fyrirtækisins, en þar hefur komið fram að viðskiptasamband sé á milli fyrirtækjanna. Í öðru lagi byggir Víkingur á meintri hótun fulltrúa Euro Refund um að Rammagerðin myndi opna verslun á Akureyri í samkeppni við Víking og að Sjóklæðagerðin myndi hætta að afhenda Víkingi vörur ef fyrirtækið hefji samstarf við Global Refund. Metur Víkingur það svo að þessi hótun hafi gengið eftir og því hafi um ólögmætt samráð fyrirtækjanna verið að ræða.

Samkeppnisráð telur ekkert í gögnum málsins benda til þess að samingar og samstarf Euro Refund, Sjóklæðagerðarinnar og Rammagerðarinnar feli í sér brot gegn 10. gr. samkeppnislaga. Það að fulltrúar fyrirtækjanna hafi hugsanlega sést saman á Akureyri breytir þar engu um. Eins og fram hefur komið starfa fyrirtækin þrjú á mismunandi mörkuðum. Þau eiga í viðskiptum út frá mismunandi forsendum: Euro Refund sem endurgreiðsluaðili virðisaukaskatts til erlendra ferðamanna sem eiga í viðskiptum við Sjóklæðagerðina og Rammagerðina en Sjóklæðagerðin er birgir Rammagerðarinnar fyrir útivistarfatnað. Með vísan til eindreginna mótmæla fyrirtækjanna og til þeirrar staðreyndar að engin gögn eða annað sem fram hefur komið í málinu bendi til þess að viðskipti fyrirtækjanna fari út fyrir það sem almennt getur talist eðlilegt í viðskiptum telur samkeppnisráð því ekki ástæðu til íhlutunar hvað þennan þátt málsins varðar.

### 4.

#### **Brot gegn 11. gr. samkeppnislaga**

Rannsókn máls þessa lýtur í öðru lagi að því hvort fyrirtækin Euro Refund og Rammagerðin hafi hvort um sig brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga. Víkingur telur að misnotkun Euro Refund hafi falist í því að fá önnur fyrirtæki til þess að beita Víking

refsiaðgerðum. Misnotkun Rammagerðarinnar mun hafa átt að felast í hótunum gagnvart birgjum Víkings þess efnis að Rammagerðin myndi hætta viðskiptum við þá ef þeir afhentu vörur til Víkings.

Gefi samkeppnisráð sér þá niðurstöðu að Euro Refund og Rammagerðin séu markaðsráðandi fyrirtæki á þeim mörkuðum sem þau starfi á bendir ráðið á að ekkert hafi komið fram í gögnum málsins sem bendir til þess að háttsemi Euro Refund og Rammagerðarinnar feli í sér brot gegn 11 gr. samkeppnislaga. Þannig tengja engin gögn fyrirtækin saman, önnur en samningar Euro Refund við Sjóklæðagerðina og Rammagerðina um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra ferðamanna, sú staðreynd að Sjóklæðagerðin sé einn af yfir 100 birgjum Rammagerðarinnar og yfirlýsing Víkings þess efnis að fulltrúar áðurnefndra fyrirtækja hafi sést saman á Akureyri, fyrirtækin saman. Að mati samkeppnisráðs vantar því töluvert upp á að sýnt hafi verið fram á ólögmeta háttsemi gagnaðila Víkings. Með vísan til eindreginna mótmæla Euro Refund og Rammagerðarinnar um meintar aðgerðir fyrirtækjanna gegn Víkingi og þeirrar staðreyndar að engin gögn málsins styðja frásögn Víkings telur samkeppnisráð því ekki ástæðu til íhlutunar vegna þessa hluta málsins, hvorki hvað varðar Euro Refund né Rammagerðina.

## 5.

### **Brot gegn 20. gr. samkeppnislaga**

Að lokum lýtur rannsókn máls þessa að því hvort fyrirtækin Euro Refund, Rammagerðin og Sjóklæðagerðin hafi sameiginlega eða hvert fyrir sig brotið gegn 20. gr. samkeppnislaga. Víkingur telur að þær meintu aðgerðir sem Euro Refund, Sjóklæðagerðin og Rammagerðin hafi beitt til að svara samkeppni Víkings feli í sér hótanir og refsiaðgerðir vegna opnunar verslunar Víkings í Reykjavík og upphaf viðskipta við Global Refund.

Samkeppnisráð bendir hvað þetta varðar aftur til þeirrar staðreyndar að gögn málsins styðja á engan hátt málatilbúnað Víkings. Gegn eindregnum mótmælum Euro Refund og skorts á gögnum er ekkert sem bendir til þess að Euro Refund hafi hótad Víkingi refsiaðgerðum ef fyrirtækið skipti við Global Refund. Að mati ráðsins hefur Euro Refund því ekki brotið gegn 20. gr. samkeppnislaga. Víkingur telur að skrifleg yfirlýsing eins birgis Víkings styðji mál fyrirtækisins varðandi meintar hótanir fulltrúa Rammagerðarinnar. Yfirlýsingin lýsir fundi fulltrúa birgisins og fulltrúa Rammagerðarinnar en þeir munu hafa rætt opnun verslunar Víkings í Reykjavík. Orðrétt segir í niðurlagi hennar:

*„Ræddum við þessa nýju samkeppni og lauk svo þar með viðræðum okkar en [fulltrúi Rammagerðarinnar] lét þess getið um leið og hann kvaddi að hann vænti þess að ég hugsaði mig vel um áður en ég sendi vörur í þessa nýju verslun.“*

Yfirlýsing þessi, sem að sögn Víkings kemur frá einum birgja þess og fulltrúi Rammgerðarinnar á að hafa hótad, ber að mati samkeppnisráðs það ekki með sér að um hótun hafi verið að ræða. Reyndar telur ráðið að teygja þurfi þýðingu orðsins hótun töluvert til þess að ná yfir innihald yfirlýsingarinnar. Að mati ráðsins verður því ekki séð að Rammagerðin hafi brotið gegn 20. gr. samkeppnislaga. Af hálfu samkeppnisráðs verður ekki annað séð varðandi sölusynjun Sjóklæðagerðarinnar en að hún hafi byggst á málefnalegum grundvelli. Upplýst er að fyrri viðskipti Víkings við fyrirtækið hafi ekki gengið sem best og m.a. hafi komið til aðfarargerðar vegna kröfu Sjóklæðagerðarinnar. Samkeppnisráð vill hvað þetta varðar einnig ítreka að samningsfrelsi ríkir hér á landi og er Sjóklæðagerðinni því almennt heimilt að velja og hafna viðskiptum eftir því sem fyrirtækinu telur hagsmunum sínum best borgið. Samkeppnisráð vísar því aftur til þess að ekkert í gögnum málsins bendir til ólögmetrar háttsemi af hálfu Euro Refund, Rammagerðarinnar og Sjóklæðagerðarinnar og telur því ekki ástæðu til íhlutunar hvað þennan þátt málsins varðar.

#### IV.

#### Ákvörðunarorð

**„Ekki er ástæða til aðgerða af hálfu samkeppnisráðs í máli þessu.“**